

7  
10. jan.

## Reglugjörð

fyrir

### **vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar.**

#### 1. gr.

Öll framkvæmdarstörf, er vatnsveituna snerta, felur bæjarstjórnin 3ja manna nefnd úr flokki sínum.

#### 2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til fasteignaskatts og vatni er veitt í, eða standa svo nærri vatnsæðum, að þær sjeu nothæfar til eldvarnar, skal greiða vatnsskatt, enda eiga húseigendur rjett á að fá vatnsæð lagða að húsvegg, ef íbúð er í húsinu. Skatturinn skal lagður á eftir hinni lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsanna, og greiðist með 4 p. m. af virðingarverði þeirra, að undanskildu virðingarverði lóðanna. Auk þess greiða húseigendur 1 kr. árlega fyrir hvern mann, sem býr í húsum þeirra, þegar manntal er tekið næst áður en niðurfjöfnun skattsins fer fram.

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum, og getur þá bæjarstjórnin ákveðið fyrir eitt ár í senn, að hækka vatnsskatt þennan um alt að 20%.

#### 3. gr.

Fyrir öll vatnsafnot, sem fram yfir eru venjulegar heimilisþarfir, skal gjaldið ákveðið með samningi við bæjarstjórnina. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal greiða:

- a. Fyrir vatn í síldarpækil 8 aura og kjötpækil 10 aura fyrir hverja tunnu síldar eða kjöts.
- b. Fyrir vatn til fiskþvottar 15 aura fyrir hvert skippund.
- c. Fyrir vatn til annarar notkunar eftir mati, þannig að 5 kr. greiðist fyrir hverja 100 hektólítra upp að 10,000 hektólítrum, en minna fyrir það, sem umfram er, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunefndarinnar og eftir því, hve mikið er notað. Notandi má hafa löggiltan vatnsmælir.

Enginn má setja hreyfivjelar í samband við vatnsæðarnar, án leyfis bæjarstjórnarinnar.

#### 4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. apríl og 1. október ár hvert, og greiðist helmingur skattsins á hvorum gjalddaga um sig.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og má byrja að gera lögtak á hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskifta.

## 5. gr.

7

10. jan.

Fyrir vatn til skipa skal greiða við afhendingu 3 kr. fyrir hverja smálest, þó eigi minna í hvert skifti en 10 kr. fyrir fiskiskip, og 20 kr. fyrir öll önnur skip. Vatnsveitunefnd getur þó fyrir eitt ár í senn eða skemri tíma gert samning við eigendur eða umráðamenn skipa um árgjald eða mánaðargjald af skipum.

## 6. gr.

Bæjarstjórnin löggildir menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þurfa þykir, til þess að leggja vatnsæðar þær, er vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar bæjarins, og sjeu þeir skyldir að hlíta vinnukauptaxta þeim, sem bæjarstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir reglum þeim, er bæjarstjórnin setur.

Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja æðar frá bæjarvatnsveitunni í hús eða um þau, eða gera breytingar á vatnsæðunum.

## 7. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Hann skal sjerstaklega gæta þess að ekki frjósi í æðunum. Eginn má eyða vatni að óþörfu.

## 8. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum innlagningarmönnum er heimilt að fara um hús mana, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau sem sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað húseiganda.

## 9. gr.

Bæjarstjórninni er heimilt að loka vatnsæðunum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum og tækjum, sem eru í sambandi við þær, eða eyða vatni að óþörfu, og ennfremur fyrir þeim, sem ekki greiða vatnsskatt á rjettum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig þann tíma, sem vatnsæðunum er lokað.

## 10. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis umsjónarmanns hennar.

1922

12

**7**  
10. jan.

11. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numin reglugjörð fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar frá 21. febrúar 1920.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 83, 22. nóv. 1907, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi þegar í stað.

**Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 10. janúar 1922.**

Í fjarveru ráðherra.

**Oddur Hermannsson.**

---

*Vigfús Einarsson.*